

REGLUGERÐ

um almenna heimild til að binda inn- og útlán við gengisvísitölur SDR og EUR.

1. gr.

Gengisvísitala er kaupgengi opinbers viðmiðunargengis Seðlabanka Íslands 21. dag undanfarandi mánaðar á reikningseiningu Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (SDR) eða á gjaldmiðlinum evru (EUR) og breytist fyrsta dag hvers mánaðar. Falli gengisskráning niður á hinum ofangreinda viðmiðunardegi skal síðasta skráða kaupgengi opinbers viðmiðunargengis Seðlabankans á SDR eða EUR lagt til grundvallar.

Innborganir á innlánsreikninga banka og sparisjóða, sem tengdir eru SDR eða EUR gengisvísitölu, miðist við hlutadeigandi gengisvísitölu eins og hún er ákveðin skv. 1. mgr. fyrsta dag næsta mánaðar en beri sérstakar verðbætur hlutadeigandi banka eða sparisjóðs innan mánaðar. Útborganir af reikningum þessum innan mánaðar bera einnig sérstakar verðbætur frá fyrsta degi útborgunarmánaðar til útborgunardags.

2. gr.

Heimilt er að lána út fé með ákvæðum þess efnis að greiðslur, þar með taldir vextir, skuli breytast í hlutfalli við gengisvísitölu SDR og EUR, sbr. 1. gr.

3. gr.

Seðlabankinn skal mánaðarlega auglýsa í Lögbirtingablaði gengisvísitölur skv. 1. gr.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem er sett samkvæmt heimild í 21. gr. vaxtalaga, nr. 25/1987, sbr. lög nr. 13/1995 um breytingu á þeim, öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 151/1995, um almenna heimild til að binda inn- og útlán við gengisvísitölur SDR og ECU.

Viðskiptaráðuneytinu, 28. apríl 1999.

Finnur Ingólfsson.

Benedikt Arnason.

AUGLÝSING

um breytt deiliskipulag við Hólahjalla 7 í Kópavogi.

Á fundi bæjarstjórnar 13. apríl 1999 var samþykkt tillaga að breyttu deiliskipulagi við Hólahjalla 7. Í breytingunni felst að byggingarreit lóðarinnar er snúið um rúmar 12° þannig að húsið mun standa nokkru vestar og norðar í lóðinni en áður var fyrirhugað. Að öðru leyti eru skipulagsskilmálar fyrir lóðina óbreyttir.

Tillagan var auglýst skv. 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 frá 5. febrúar til 5. mars 1999 og yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

Kópavogi, 29. apríl 1999.

Birgir H. Sigurðsson skipulagsstjóri.